

Nd.

76. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 10 13. janúar 1938, um að reisa sildarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við sildarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að útvega sildarverksmiðjum ríkisins á Raufarhöfn lóðir eftir þörfum, og má í því skyni taka eignarnámi lóðir og leigurétt yfir lóðum, sem verksmiðjurnar þurfa á að halda, ásamt mannvirkjum á slíkum lóðum, eftir því sem kann að reynast nauðsynlegt, ef eigi næst samkomulag um kaup á þessu. Skal um framkvæmd slíks eignarnáms fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóvember 1917.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk atvinnumálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Sildarverksmiðjur ríkisins hafa orðið að kaupa leigurétt á lóðum á Siglufirði og Raufarhöfn fyrir afarhátt verð, enda þótt lóðir þessar séu eign ríkissjóðs. Þykir því rétt, að heimilað verði með lögum að taka slík réttindi eignarnámi handa sildarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði, Raufarhöfn og annarstaðar, þar sem ríkið kynni að eignast eða setja upp sildarverksmiðjur.